



Fréttatilkynning

16 September 2024 08:40:00 GMT

Arion banki: Tilkynning um endurkaupatilboð á skuldabréfaútgáfu og áform um nýja útgáfu í bandaríkjadöllum sem flokkast sem viðbótar eiginfjárfáttur 1 (AT1)

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU (SJÁ NÁNAR UM TAKMARKANIR Í TILKYNNINGU UM ENDURKAUPATILBOÐ SEM ER BIRT Í KAUPHÖLLINI Í LÚXEMBOURG)

Arion banki hf. tilkynnti í dag um endurkaupatilboð til eigenda 100 milljóna bandaríkjadala breytanlegrar skuldabréfaútgáfu með föstum vöxtum, sem flokkast sem viðbótar eiginfjárfáttur 1 (AT1) (ISIN: XS2125141445), gegn greiðslu (hér eftir endurkaupatilboðið).

Endurkaupatilboðið er háð þeim skilmálum og skilyrðum (þ.m.t. skilyrðum um nýja fjármögnun) sem er að finna í endurkaupalýsingu (e. Tender Offer Memorandum), dagsett 16. september 2024 og er bundið þeim takmörkunum sem þar er finna.

Nánari upplýsingar um endurkaupin er að finna í tilkynningu sem birt er opinberlega í kauphöllinni í Lúxemborg (www.luxse.com) þar sem skuldabréfin eru skráð. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum má nálgast skilmála endurkaupatilboðsins hjá umsýsluaðila endurkaupanna, Kroll Issuer Services Limited (netfang: arionbank@is.kroll.com, sími: +44 20 7704 0880, vefsíða: <https://deals.is.kroll.com/arionbank/>).

Samhliða endurkaupatilboðinu hefur Arion banki hf. tilkynnt að bankinn hyggst, með fyrirvara um markaðsaðstæður, gefa út nýja AT1 skuldabréfaútgáfu í bandaríkjadöllum (nýju skuldabréfin).

Nýju skuldabréfin eru ekki, og verða ekki, boðin eða seld í Bandaríkjunum. Ekkert í þessu skjali eða í endurkaupalýsingu fellur undir sölutilboð eða boð um kaup á nýju skuldabréfunum í Bandaríkjunum eða í nokkurri annarri lögsögu. Ekki er heimilt að bjóða, selja eða afhenda verðbréf í Bandaríkjunum án skráningar undir, eða á grundvelli undantekningar frá skráningarskyldu, bandarísku verðbréfalöggjöfni frá 1933 (e. U.S. Securities Act of 1933, as amended). Nýju skuldabréfin eru ekki og verða ekki, skráð undir bandarísku verðbréfalöggjöfni eða undir nokkurri verðbréfalöggjöf í nokkru fylki eða annarri lögsögu Bandaríkjanna, og mega ekki vera seld, boðin eða afhent, beint eða óbeint, til eða til hagsbóta fyrir, bandarískan aðila (e. U.S. person).

Arion banki hf.

Borgartúni 19, 105 Reykjavík — 444 7000 — arionbank.is — [f /arionbanki](https://www.facebook.com/arionbanki)



Umsjónaraðilar (e. Dealer Managers) með endurkaupunum eru BofA Securities, Morgan Stanley og UBS.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2024-09-16 08:40 GMT.

Viðhengi

[Arion banki: Tilkynning um endurkaupatilboð á skuldabréfaútgáfu og áform um nýja útgáfu í bandaríkjadöllum sem flokkast sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 \(AT1\)](#)